

## Fundargerð fræðsluráðs Húnaþings vestra.

156. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 2. desember 2014, kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins

### Fundinn sátu:

Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður, og Örn Óli Andrússon varamaður. Sigrún Waage boðaði forföll.

**Embættismenn:** Esther Hermannsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

**Fundarritari:** Esther Hermannsdóttir

### Dagskrá:

1. Elínborg Sigurgeirsdóttir skólastjóri tónlistarskólans mætir á fundinn kl. 15:10 og fer yfir starfsemi skólans, starfsmannahald, húsnæðismál o.fl.
2. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans Ásgarðs mætir á fundinn kl. 15:40, ársskýrsla 2013-2014, starfsmannamál, nýstofnaður kór leikskólans.
3. Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri grunnskólans mætir á fundinn, Skólapúlsinn, niðurstöður samræmdra prófa o.fl.
4. Tillaga að ferli um val á nýju nafni á Grunnskóla Húnaþings vestra.
5. Vinnumat grunnskólakennara, kynning af fundi.
6. Önnur mál

### Afgreiðslur:

1. Elínborg Sigurgeirsdóttir skólastjóri tónlistarskólans mætir á fundinn. Elínborg leggur til að gjald þann tíma sem kennsla féll niður nú í haust í verkfalli tónlistarkennara verði dregið frá skólagjöldum á vorönn. Það hefur verið nokkurum erfiðleikum bundið að koma starfsemi skólans fyrir í nú haust. Skólastjóri telur tímabært að sveitarfélagið hugi að húsnæði fyrir tónlistarskólann til framtíðar. Í tónlistarskólanum eru rúmlega hundrað nemendur. Við skólann eru nú sex kennarar í tæplega fjórum stöðugildum. Elínborgu þökkuð koma á fundinn.
2. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans Ásgarðs og Sigríður Elva Ársælsdóttir fulltrúi starfsmanna mæta á fundinn. Ársskýrsla fyrir skólaárið 2013-2014 lögð fram, skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Ásgarðs. Tveir nýir starfsmenn leikskólans kynntir, þau Þóra Björg Kristmundsdóttir og Arnar Hrólffson. Þann 20. nóv. sl. var stofnaður kór við skólann, Pálína Fanney Skúladóttir er stjórnandi kórsins og kemur í leikskólann einu sinni í viku og æfir kórinn. Guðrúnu Láru og Sigríði Elvu þökkuð koma á fundinn.
3. Sigurður Þór Ágústsson skólastjóri grunnskólans og Laura Ann Howser fulltrúi kennara mæta á fundinn. Farið yfir niðurstöður samræmdra prófa, fræðsluráð fagnar góðri niðurstöðu fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra og lýsir ánægju sinni með það hvernig skólinn hefur unnið með niðurstöðurnar. Niðurstöður úr Skólapúlsinum kynntar og ræddar. Sigurði og Lauru Ann þökkuð koma á fundinn.

4. Tillaga að ferli um nafnval á Grunnskóla Húnaþings vestra. Formaður lagði tillöguna fram, málið rætt. Ákveðið að kanna hvaða lögformlegu þætti þarf að hafa í huga varðandi nafnbreytingu, sviðsstjóra falið að kanna málið. Formaður bað skólastjóra grunnskólans að kanna áhuga á nafnbreytingu innan skólasamfélagsins og almennt er áhugi fyrir nafnbreytingu.
5. Formaður fræðsluráðs gerði grein fyrir fundi um vinnumat grunnskólakennara sem hann fór á 13. nóv.sl., hægt er að kynna sér málið á [vinnumat.is](http://vinnumat.is)
6. Formaður lagði fram til umsagnar, svarbréf til kennara í Ölduselsskóla vegna Skólabúðanna á Reykjum. Formanni fræðsluráðs falið að ganga frá bréfinu og koma því til skila.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið 17:17

Magnús Magnússon

G. Kristín Ólafsdóttir

Valdimar Gunnlaugsson

Örn Óli Andrésson

Esther Hermannsdóttir